

Með bréfi, dags. 23. maí s.l., kærði lögmaður stefnda til sakadóm-
arans í Reykjavík út af framansögðu, en ekki hefur verið lagt fram
í málinu neitt endurrit af réttarrannsókn vegna þeirrar kæru.

Stefnandi hefur mótmælt því, að varnir stefnda séu þess efnis,
að þeim verði komið að í víxilmáli. Einnig hefur hann andmælt
því, að honum sé kunnugt um, að víxilskuldin sé orðin til í sambandi
við lánveitingu gegn okurvöxtum til stefnda svo og því, að hann hafi
haft vitneskju um eftirgjöf lögfræðingsins á kröfum sínum á hend-
ur stefnda, er hann eignaðist víxilinn, enda muni þeir samningar
ekki hafa verið gerðir fyrr en síðar.

Stefnandi reisir kröfur sínar alfarið á víxli þeim, sem fyrr greinir
og lagður hefur verið fram í málinu. Sætir málið meðferð sam-
kvæmt 17. kafla laga nr. 85/1936. Varnir stefnda eru ekki þess
eðlis, að þeim verði gegn andmælum stefnanda komið að í málinu
samkvæmt 208. gr. nefndra laga. Verða kröfur stefnanda því teknar
til greina að öllu leyti.

Málskostnaður þykir hæfilega ákveðinn kr. 3300.00.

Magnús Þ. Torfason, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi, Ragnar Blöndal h.f., greiði stefnanda, Guðmundi
Kristjánssyni, kr. 40.000.00 með 7% ársvöxtum frá 15. desem-
ber 1954 til greiðsludags, $\frac{1}{3}$ % fjárhæðarinnar í þóknun og kr.
3300.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa
að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 21. nóvember 1955.

Nr. 65/1955. **Ákærvaldið** (Egill Sigurgeirsson)

gegn

Ásgeiri Valdimar Ólafssyni

(Ragnar Ólafsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Brot gegn húsaleigulögum.

Dómur Hæstaréttar.

Málsatvikum er rétt lýst í hinum áfrýjaða dómi. Verður
á það að fallast með skírskotun til raka héraðsdóms, að ákærði
hafi gerzt brotlegur við þau lagaákvæði, sem þar greinir, og

þykir refsing hans hæfilega ákveðin sekt kr. 1000.00, og komi varðhald 6 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Um kröfu Haralds Jónssonar um endurgreiðslu á ofgreiddri húsaleigu skal þetta tekið fram:

Í 13. gr. laga nr. 39/1943 var svo ákveðið, að leigusamningur væri ógildur, að því er fjárhæð snerti, ef samið hafði verið um hærri leigu en þau lög heimiluðu, og það, sem leigutaki hefði ofgreitt samkvæmt slíkum samningi, afturkræft. Ákvæði þetta var í gildi til 14. maí 1953, sbr. 3. tölulið 7. gr. laga nr. 56/1950, um breytingu á framangreindum lögum, og lög nr. 30/1952, um hámark húsaleigu o. fl. Samkvæmt áðurnefndri 13. gr. laga nr. 39/1943 var því húsaleiga sú, sem Haraldur Jónsson hafði ofgreitt ákærða fyrir tímabilið 14. maí 1951 til 14. maí 1953, samtals kr. 7800.00, afturkræft. Hins vegar er ekki í lögum nr. 30/1952 ákvæði samsvarandi 13. gr. laga nr. 39/1943. Og eigi á krafa um endurgreiðslu ofgreiddrar húsaleigu fyrir tímabilið 14. maí 1953 til 14. maí 1954 stoð í öðrum lögum né almennum lagarökum, enda greiddi leigutakinn, Haraldur, leiguna án nokkurs fyrirvara. Verður krafa hans um endurgreiðslu ofgreiddrar húsaleigu fyrir þetta tímabil því eigi tekin til greina.

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms ber að staðfesta.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1000.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Ásgeir Valdimar Ólafsson, greiði 1000.00 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 6 daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði Haraldi Jónssyni kr. 7800.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 6. maí 1954 til greiðsludags.

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms staðfestist.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar

með talin málflytningu sækjanda og verjanda í Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Egils Sigurgeirssonar og Ragnars Ólafssonar, kr. 1000.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 22. marz 1955.

Ár 1955, þriðjudaginn 29. marz, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Þórði Björnssyni, kveðinn upp dómur í málinu nr. 1231/1955: Ákærvaldið gegn Ásgeiri Valdimar Ólafssyni, sem tekið var til dóms 22. þ. m.

Með ákæruskjali dómsmálaráðherra, dags. 17. f. m., er opinbert mál höfðað gegn ákærða, Ásgeiri Valdimar Ólafssyni heildsala, Vonarstræti 12 hér í bæ, fyrir að taka of háa húsaleigu eftir þriggja herbergja íbúð, er Haraldur Jónsson hafði á leigu í húsinu Vonarstræti 12 á tímabilinu 14. maí 1951 til 14. maí 1954, en brot þetta telst varða við 1. gr. sbr. 4. gr. bráðabirgðalaga um hámark húsaleigu o. fl. nr. 61/1951 og 1. gr. sbr. 5. gr. laga um sama efni nr. 30/1952.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til endurgreiðslu á oftekinni húsaleigu, sbr. 145. gr. laga nr. 27/1951, svo og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 11. apríl 1891 í Lindarbæ í Ásahreppi í Rangárvallasýslu, og hefur, svo að kunnugt sé, hvorki sætt ákæru né refsingu.

Samkvæmt eigin játningu ákærða og því, sem á annan hátt er upplýst í málinu, eru málavextir þessir:

Á annan áratug fram til 14. maí 1954 leigði ákærði í máli þessu, Ásgeir Valdimar Ólafsson, Haraldur Jónssyni trésmið, nú til heimilis á Hverfisgötu 16 A hér í bæ, íbúð í húsi sínu að Vonarstræti 12 hér í bæ. Hin leigða íbúð var 3 herbergi og eldhús á hæð hússins, en auk þess hafði leigutaki aðgang að W. C., baði, geymslu og þvottahúsi í kjallara og þurrklofti í risi. Skriflegur leigusamningur var ekki gerður um húsnæðið. Lengi greiddi Haraldur ákærða fyrir húsnæðið kr. 150.00 í grunnleigu á mánuði auk vísitöluálags, en frá 14. maí 1951 hækkaði leigan í kr. 700.00 á mánuði og var það til loka leigutímans 14. maí 1954. Leiga fyrir seinni hluta máímánaðar 1951 og fyrri hluta máímánaðar 1954 var kr. 350.00 fyrir hvorn hluta mánaðar. Haraldur stóð í skilum með leigugreiðslurnar, og gaf ákærði honum jafnan kvittanir fyrir þeim.

Hinn 4. marz f. á. mat húsaleigunefnd leigu eftir fyrrnefnt húsnæði og taldi hún hæfilega leigu vera kr. 375.00 á mánuði. Þetta mat staðfesti yfirhúsaleigunefnd 14. desember f. á.

Ákærði hefur borið það, að Haraldur hafi af fúsum vilja fallizt á að greiða og greitt hina umsömdu húsaleigu. Þá kveðst ákærði hafa hækkað leiguna frá 14. maí 1951, þegar Haraldur hafi, jafnframt því

sem hann bjó í íbúðinni, verið farinn að reka þar bókaútgáfu og gert það út leigutímann. Hafi erill og fyrirhöfn hlotizt af bókaútgáfu þessari fyrir ákærða og henni hafi einnig fylgt mikill umgangur fólks um leiguíbúðina.

Haraldur Jónsson kveðst hafa gefið út 3 handbækur fyrir trésmiði á árunum 1952—1954 og selt þær á vinnustöðum trésmiða. Einhverjir kaupendur bókana muni þó hafa fengið þær heima hjá honum, þar sem hann geymdi upplögin, en ákærði hafi aldrei kvartað undan því.

Það er upplýst í málinu, að húsnæði það, sem ákærði leigði Harald Jónssyni, var íbúðarhúsnæði, sem Haraldur bjó í allan leigutímann. Verður ekki talið, að fyrrgreind geymsla og sala bóka í húsnæðinu hafi breytt tegund húsnæðisins að þessu leyti. Húsaleigan, sem Haraldur greiddi ákærða fyrir allan leigutímann, nam samtals kr. 25.200.00, en samkvæmt mati húsaleigunefndar var hæfileg leiga samtals kr. 13.500.00. Ofgreidd húsaleiga Haralds til ákærða nemur því samtals kr. 11.700.00.

Ákærði hefur með framangreindu atferli sínu gerzt brotlegur gegn 1. gr. sbr. 4. gr. bráðabirgðalaga nr. 61 5. maí 1951 um hámark húsaleigu o. fl. og gegn 1. gr. sbr. 5. gr. laga nr. 30 4. febrúar 1952 um sama efni. Þykir refsing ákærða, sem játað hefur greiðlega brot sitt, hæfilega ákveðin 4000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 20 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Haraldur Jónsson hefur krafizt þess, að ákærði verði dæmdur til að endurgreiða honum hina ofgreiddu húsaleigu, kr. 11.700.00, ásamt 6% ársvöxtum frá dagsetningu kæru hans, 6. maí f. á. Ákærði hefur ekki getað fallizt á endurgreiðslukröfu þessa. Hefur hann bent á, að Haraldur hafi fengið kr. 400.00 á mánuði í húsaleigustyrk hjá Reykjavíkurbæ á tímabilinu 14. maí 1951 til 14. maí 1954 og því aldrei greitt sjálfur meira í húsaleigu en kr. 300.00 á mánuði þenna tíma.

Það er áður rakið, að Haraldur Jónsson var leigutaki umrædds húsnæðis og greiddi leigusala, ákærða, kr. 11.700.00 hærri fjárhæð samtals í leigu en honum var skylt samkvæmt mati húsaleigunefndar. Skiptir hér ekki máli, hjá hverjum Haraldur aflaði fjár til greiðslu leigunnar eða hvort hann fékk það að láni eða með öðrum hætti. Tjón Haralds af atferli ákærða nemur fjárhæð hinnar ofgreiddu húsaleigu, kr. 11.700.00, og ber að dæma ákærða til að endurgreiða honum þessa fjárhæð ásamt 6% ársvöxtum frá 6. maí 1954 til greiðsludags, sbr. 145. gr. laga nr. 27 5. maí 1951.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls kostnaðar sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans í málinu, Ragnars Ólafssonar hrl., kr. 700.00.

Dómsorð:

Ákærði, Ásgeir Valdimar Ólafsson, greiði 4000 króna sekt til

ríkissjóðs, og komi varðhald í 20 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði Haraldi Jónssyni kr. 11.700.00.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs sækjanda og verjanda síns í málinu, Ragnars Ólafssonar hrl., kr. 700.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 23. nóvember 1955.

Nr. 64/1955. **Ákærvaldið** (Gunnar J. Möller)

gegn

John Robert Bore (Lárus Fjeldsted).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómárar Hæstaréttar.

Brot gegn fiskveiðalöggjöf.

Dómur Hæstaréttar.

Freymóður Þorsteinsson, fulltrúi bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, og samdómendurnir Páll Þorbjörnsson og Þorsteinn Jónsson hafa kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur Friðrik Ólafsson, skólastjóri Stýrimannaskólans, framkvæmt athugun á mælingum varðskipsins og markað á sjóuppdrátt stað togara ákærða samkvæmt þeim mælingum. Reyndist togarinn hafa verið um 0.8 sm innan fiskveiðimarkanna kl. 10.37, um 0.8 sm innan fiskveiðimarkanna kl. 10.52, um 0.9 sm innan fiskveiðimarkanna kl. 10.55 og um 0.1—0.2 sm innan sömu marka kl. 11.05.

Skipstjórinn á varðskipinu og annar og þriðji stýrimaður á því bera það vætti, að þeir hafi kl. 11.02 séð einhverju lyft inn fyrir borðstokk togarans, og telja þeir, að það hafi verið poki og belgur vörpunnar. Fyrsti stýrimaður ber, að hann hafi séð einhverju lyft innbyrðis á togaranum, og telur hann víst, að það hafi verið net. Þessi framburður yfirmanna varðskipsins bendir eindregið til þess, að ákærði hafi verið að veiðum innan fiskveiðimarkanna.